

Stjórnarfundur 27.maí 2020 kl 20:15 í Golfskálanum

Mættir eru: Anna María, Garðar, Jófríður, Hinrik, Kristín og Einar.

Fundur settur: Garðar formaður setur fundinn.

Fjármál: Fjölgun er í klúbbnum sem er ánægulegt og nær öll félagsgjöld hafa verið innheimt. Staða fjármála er því nokkuð góð.

Skýrslur ráða:

Mótanefnd: Hinrik formaður fór yfir drög að mótum og mótaröðum. Tvö 9 holu mót og eitt 18 holu mót er áætlað að hafa í mánuði. Fyrsta 9 holu mótið er 3.júní og svo er G.Run með sjómannadagsmót.

Kvennanefnd: Kristín, formaður kvennanefndar, fór yfir kvennakvöld. Kvennakvöld eru á mánudögum kl 17:00 og á þriðjudögum kl 20:00 hefur Anna María startað byrjendagolfi fyrir konur sem hefur verið vel sótt. Vesturlandsmót kvenna er spilað hjá okkur í sumar og þarf því að skipa undirbúningsnefnd. Hugmynd kom upp að boða konur á opinn fund.

Barna-nýliðanefnd: Einar formaður ætlar að bjóða uppá golfkennslu fyrir börn, byrjendur og lengra komna. Andri Þór Björnsson, atvinnukylfingur, ætlar einnig að koma 8.-11. júní og vera með golfkennslu og mæta í eitt skipti með Einari í barnakennsluna.

Starfsmannamál: Steinunn og Pórey ætla að vera í skálanum auk þess sem Valtýr var ráðinn á völlinn. Garðar sendi inn erindir til sveitarfélagsins um að fá tvo starfsmenn í gegnum atvinnuþryggingasjóð. Erindi Garðars var samþykkt með þeim skilyrðum að starfsmennirnir þyrftu að vera 18 ára eða eldri og skráðir nemendur.

Önnur mál:

- Búið er að laga gólfið í Golfskálanum.
- Snúa þarf hurðinni sem snýr uppí suðaustur.
- Skipuleggja vinnudag fljótlega.
- Setja sand í bönkera og laga trékassa.

Fundi slitið 22:00